Tillögur að lagabreytingu á Aðalfundi GA 2025

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Akureyrar. Heimilisfang klúbbsins er að Jaðri, Akureyri. Klúbburinn er aðili að Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) og Golfsambandi Íslands (G.S.Í.). Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfiþróttinni. Klúbburinn rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annari félagsstarfsemi sem tengist iþróttinni.

Tillaga:

1. grein

Félagið heitir Golfklúbbur Akureyrar. Heimilisfang klúbbsins er að Jaðri, Akureyri. Klúbburinn er aðili að Íþróttabandalagi Akureyrar (ÍBA) og Golfsambandi Íslands (G~~.~~S~~.~~Í~~.~~). Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfiþróttinni. Klúbburinn rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annari félagsstarfsemi sem tengist iþróttinni. Félagið er óhagnaðardrifið, tekjum og eftir atvikum hagnaði er einungis varið til rekstrar félagsins sjálfs, félaginu og starfsins sjálfs til bóta og framfara. Félagið telst til æskulýðsstarfsemi ásamt því að stuðla að almennri lýðheilsu.

3.grein

Um inngöngu í klúbbinn skal sækja skriflega~~.~~. Skilyrði til inntöku í klúbbinn er að umsækjandi hafi fengið leiðsögn kennara eða fullgilds klúbbfélaga og hafi sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur er félagar lúta. Um félagsaðild og þátttöku félagsmanna á golfmótum skal farið að lögum og reglum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) og GSÍ.

Tillaga:

3.grein

~~Um inngöngu í klúbbinn skal sækja skriflega.. Skilyrði til inntöku í klúbbinn er að umsækjandi hafi fengið leiðsögn kennara eða fullgilds klúbbfélaga og hafi sótt námskeið eða fyrirlestur um siðareglur, leikreglur og aðrar þær reglur er félagar lúta.~~ Til að gerast meðlimur í félaginu þarf að fylla út umsókn á skrifstofu félagsins eða rafrænt á heimasíðu. Öllum er frjálst að sækja um aðild í félagið. Um félagsaðild og þátttöku félagsmanna á golfmótum skal farið að lögum og reglum Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ) og GSÍ.

5. grein

Árgjald skal greitt eða frá greiðslu gengið fyrir 1.mars ár hvert. Stjórn GA ákveður gjalddaga árgjalds. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald eða samið um greiðslu þess fyrir 1. maí hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbbsins og fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Úrsögn er bundin við áramót, enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desembermanaðar. Eftir umsókn félagsmanns, og ef um er að ræða sérstakar aðstæður hans, er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjalda.

Tillaga:

5. grein

Árgjald skal greitt eða frá greiðslu gengið fyrir 1.mars ár hvert. Stjórn GA ákveður gjalddaga árgjalds. Þeir sem ekki hafa greitt árgjald eða samið um greiðslu þess fyrir ~~1. maí~~ 1.apríl hafa fyrirgert rétti sínum sem félagar klúbbbsins og ~~fá m.a. ekki að taka þátt í keppni fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess.~~ verða því teknir af félagaskrá og geta átt í hættu á að lenda á biðlista við endurskráningu í félagið, komi til þess. Úrsögn er bundin við áramót, enda berist hún skriflega til ~~ritara~~ skrifstofu félagsins fyrir lok desembermánaðar. Eftir umsókn félagsmanns, og ef um er að ræða sérstakar aðstæður hans, er stjórninni heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjalda.

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til að þær ákvarðanir teljist lögmætar þurfa 2/3 hlutar félaga að vera á fundi og 2/3 þeirra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann, löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku verði þá ekki náð. .

Tillaga:

13. grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburinn hætti starfi. Til að þær ákvarðanir teljist lögmætar þurfa 2/3 hlutar félaga að vera á fundi og 2/3 þeirra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar innan þriggja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann, löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku verði þá ekki náð. Komi til að félagið hætti störfum, skal fjármunum þess og eigum varið í þágu íþrótta- og æskulýðsstarfsemi. Stjórn Íþróttabandalags Akureyrar (ÍBA) tæki ákvörðun um ráðstöfun fjármuna og eigna félagsins, þó ekki fyrr en ári eftir að félagið hætti starfi.